

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðugjald í Reykjaneshöfn.

1. gr.

Heimild.

Bæjarstjórn Reykjaneshöfn er heimilt að leggja á árlega sorphirðugjald í samræmi við ákvæði 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

2. gr.

Álagningargrunnur.

Sorhirðugjald skal lagt á allar íbúdir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúoir í húsum sem virtar eru fasteignamati sem óskiptar eignir. Gjalddagar sorphirðugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

3. gr.

Sorhirðugjald.

Sorhirðugjald skiptist í sorphreinsunargjald og sorpeyðingargjald. Sorphreinsunargjald innifelur kostnað vegna leigu á einu 240 lítra sorpílati og reglulegri tæmingu á því. Sorpeyðingargjald innifelur kostnað vegna eyðingar og urðunar sorps úr viðkomandi sorpílati.

Sorhirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis er innheimt með fasteignagjöldum og er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald 14.225 kr. á hvert sorpílat.

Sorpeyðingargjald 23.210 kr. á hvert sorpílat.

4. gr.

Samþykkt og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Reykjaneshöfn þann 1. október 2013. Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2014. Frá sama tíma fellur úr gildi fyrri gjaldskrá um sama efni.

Reykjaneshöfn, 1. október 2013.

Árni Sigfusson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2013